



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagurinn 27. október 2005

Ákvörðun nr. 11/2005

### Samruni Landsbanka Íslands hf. og Lánasjóðs landbúnaðarins

#### 1.

Með bréfi Þórunnar Guðmundsdóttur hrl., dags. 10. október 2005, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um að Landsbanki Íslands hf. (Landsbankinn) hefði keypt tilgreindar eiginir og skuldir Lánasjóðs landbúnaðarins af íslenska ríkinu. Bréfinu fylgdi samrunatilkynning, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 930/2001 um tilkynningu samruna<sup>1</sup>. Bréfinu fylgdi einnig samningur um yfirtökuna, dags. 4. október 2005, auk ársreikninga samrunaaðila fyrir árið 2004 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur kaupsamningurinn í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

#### 2.

Í tilkynningunni kemur fram að Landsbankinn sé skráð félag í Kauphöll Íslands. Landsbankinn sé hlutafélag og sé tilgangur félagsins samkvæmt stofnsamþykktum að starfrækja viðskiptabanka er hafi á hendi hvers konar starfsemi sem heimil sé samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Lánasjóður landbúnaðarins var stofnaður með lögum nr. 68/1997 og tók hann þá við hlutverki Stofnlánadeildar landbúnaðarins sem var forveri sjóðsins. Í tilkynningunni segir að sjóðurinn sé lánafyrirtæki í skilningi 3. tl. 1. mgr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Hlutverk sjóðsins sé að tryggja aðilum sem stundi landbúnað, s.s. bændum og þjónustufyrirtækjum landbúnaðarins, aðgang að lánsfé til fjárfestinga á hagstæðum kjörum og stuðla þannig að þróun atvinnuvegarins. Þannig veiti sjóðurinn lán til jarðakaupa, landbúnaðarbygginga og annarra framkvæmda í sveitum. Þá veiti sjóðurinn ennfremur lán til vinnslustöðva fyrir landbúnaðarafurðir, sbr. 7. gr. laga nr. 68/1997.

Í tilkynningunni kemur fram að tildrög samrunans hafi verið þau að framkvæmdanefnd um einkavæðingu hafi þann 22. júlí sl. auglýst eftir aðilum til þess að taka þátt í forvali um kaup á rekstri Lánasjóðs landbúnaðarins og yfirtöku skulda hans samkvæmt þar til greindum skilyrðum. Þrjú fjármálafyrirtæki hafi uppfyllt skilyrði framkvæmdanefndarinnar til þess að taka þátt í útboðinu og skila inn

<sup>1</sup> Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



tilboði, en þau hafi ásamt Landsbankanum verið Íslandsbanki hf. og KB-banki hf. Landsbankinn hafi átt hæsta boð og hafi framkvæmdanefndin þann 30. september sl. tilkynnt að tilboði Landsbankans yrði tekið. Þá segir að markmið Landsbankans með samrunanum sé að treysta viðskiptasambönd Landsbankans við bændur auk þess að styrkja útlánasafn og viðskiptamannahóp bankans. Sé það í samræmi við áherslu í starfi bankans um að veita öflug og heildstæða fjármálaþjónustu um land allt.

### 3.

Með vísan til 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga hefur verið lagt mat á hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða að slík staða styrkist. Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur leitt í ljós að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna samruna Landsbankans og Lánasjóðs landbúnaðarins. Þá hafa ekki komið fram önnur atriði sem benda til þess að samruninn geti raskað samkeppni. Í ljósi þessa er það mat eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

#### **Ákvörðunarorð:**

**„Með samningi, dags. 4. október 2005, yfirtók Landsbanki Íslands hf. tilgreindar eiginir og skuldir Lánasjóðs landbúnaðarins af íslenska ríkinu. Felur þessi yfirtaka í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson